

45. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn á kennarastofu 3. október 2003, kl. 13.00

Fundinn sátu:

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður, skólanefndarmenn Gunnar Þorgeirsson, Ragnar Sær Ragnarsson, Halldóra Þorvarðardóttir og Margrét Einarsdóttir.

Fulltr. kennara Hilmar J. Bragason og fltr. nemenda Ninja Ýr Gísladóttir.

Dagskrá:

1. Nýhafið skólaár
2. Fjármál skólans
3. Framtíðarhorfur
4. Önnur mál

Form setti fund og bauð sérstaklega velkominn nýjan fulltrúa kennara.
Síðan var gengið til dagskrár:

1. Nýhafið skólaár

Páll dreifði upplýsingum um: a. Skiptingu nemenda eftir landshlutum (fskj.1), b. Nemendafjölda í upphafi haustannar (fskj. 2), og lista yfir starfsfólk (fskj. 3). Nokkuð var rætt um brottfall, skiptingu eftir brautum o.fl. í þessu sambandi.

2. Fjármál skólans.

Skólameistari reifaði málið og rifjaði upp forsögu sérstakrar fjárveitingar (6 mi.) til skólans vegna ársins 2003. Gerði hann grein fyrir áætlun og framkvæmd vegna þessarar fjárveitingar og stöðu mála sem tengjast henni að öðru leyti. Þar kom m.a. fram að fjárveitingin hefur verið stöðvuð í menntamálaráðuneytinu. Nettenging skóla og heimavistar hefur þegar verið framkvæmd, en aðrir þættir á áætlun, s.s. nettenging á kennarahúsnæði og fartölvuvæðing kennara fara í bið.

Formaður lýsti miklum vonbrigðum með málið ljósi fundar sem hann átti með ráðherra. Nefndarmenn voru á einu máli í skoðunum sínum á máli þessu.

Skólam. gerði grein fyrir stöðu skólans í drögum að fjárlagafrumvarpi vegna 2004. Þar kemur fram að skólanum eru ætlaðar 90.5 milljónir, sem er 16.5% lækkun frá fjárlögum vegna 2003.

Þá kemur fram í forsendum draganna að gert er ráð fyrir 120 ársnemendum 2004, sem skm. telur verulega vanáætlað í ljósi þróunar nemendafjölda og núverandi stöðu.

Þá vakti skm. athygli á því að skv. frumvarpinu falla niður sérstök framlög til skólans vegna óhagkvæms húsakost, 8 milljónir.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Skólanefnd lýsir furðu sinni og undrun á fyrstu drögum að fjárlagafrumvarpi vegna 2004.

Áætlun um nemendafjölda, sem gengið er út frá í drögunuum er í miklu ósamræmi við núverandi nemendafjölda og þá þróum sem verið hefur á síðustu árum.

Nefndin mótmælir þeim niðurskurði sem gert er ráð fyrir í drögunum, ekki síst í ljósi þeirrar metnaðarfullu uppbyggingar sem átt hefur sér stað.

3. Framtíðarhorfur.

Skm gerði grein fyrir fyrirhuguðum kynningardegi 6. nóv. n.k. Þátttaka sunnlenskra grunnskólanema í deginum stefnir í að verða með besta móti og er von á ríflega 200 nemendum.

Taldi hann að í kynningarefni frá skólanum ætti að leggja meiri áhersla á námsframboð.

Ninja kvað mikilvægt að hefja kynningu fyrir á skólaárinu og tóku fundarmenn undir það.

Ragnar óskaði skm. og skólanum til hamingju með heimildamynd sem gerð var fyrir á árinu og sýnd nýlega í RUV.

Skólameistari þakkaði Ragnari hlý orð í sinn garð og skólans.

Það var almenn skoðun meðal fundarmanna að ekki mætti draga saman seglin í kynningarmálum skólans.

Skm dreifði til kynningar skýrslu um styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Skm. greindi frá vettvangsnámi í íslensku sem 3 kennarar við skólann taka þátt í.

Fundi slitið kl. 14.40

Páll M Skúlason